

Sp.

57. Fyrirspurnir.

[53. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hverjar eru þær reglur, sem settar hafa verið um greiðslur rekstrar- og afurðalána beint til bænda í samræmi við fyrri mgr. þingsályktunar frá 22. maí 1979, sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggja að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.“

2. Hvernig fyrirhuga bankarnir að haga greiðslu afurðalána nú á næstunni?
3. Hafa einhverjir erfiðleikar verið samfara framkvæmd þeirri, sem Alþingi mælti fyrir um?

II. Til landbúnaðarráðherra um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna beint til bænda.

Frá Eyjólfí Konráð Jónssyni.

1. Hvað líður athugun þeirri, sem ríkisstjórninni var falið að láta fram fara með ályktun Alþingis 22. maí 1979, síðari mgr., sem er svohljóðandi:
„Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur.“
2. Hefur verið haldið áfram athugunum þeim, sem Stéttarsamband bænda hóf á fyrri hluta árs 1979 og gerði grein fyrir í bréfi til fyrirspyrjanda, dags. 6. apríl 1979?
3. Hefur verið kannað hvort unnt væri að afnema núverandi „kvóta-kerfi“ með því að beita þeim aðferðum, sem framangreind athugun Stéttarsambands bænda beinist að?
4. Hverjar yrðu þær upphæðir nú, sem fjallað er um í nefndu bréfi?